

GJALDSKRÁ fyrir fráveitugjald í Reykjaneshbæ.

1. gr.

Heimild.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt ákvæðum 15. gr. laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009, með síðari breytingum.

2. gr.

Álagningarástofn.

Álagningarástofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og lands samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001, með síðari breytingum. Fráveitugjald skal nema tilteknum hundraðshluta af álagningarástofni fasteignamats þeirra eigna sem gjaldið er lagt á og er ákvarðað árlega af bæjarstjórn.

Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki fráveitugjald. Gjalddagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og bæjarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

3. gr.

Fráveitugjald.

Fráveitugjald greiðist af skráðum eiganda fasteignar og ber hann ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Fráveitugjaldið má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Nýtur fráveitugjaldið lögveðsréttar með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

Fráveitugjald skal vera sem hér segir:

0,17% af álagningarástofni íbúðarhúsnæðis.

0,36% af álagningarástofni atvinnuhúsnæðis.

4. gr.

Samþykkt og staðfesting.

Gjaldskrá þessi var samþykkt á fundi bæjarstjórnar Reykjaneshbæjar þann 1. október 2013. Gjaldskráin gildir frá 1. janúar 2014. Frá sama tíma fellur úr gildi fyrri gjaldskrá um sama efni.

Reykjaneshbæ, 1. október 2013.

Árni Sigfússon bæjarstjóri.